

Ná.

147. Frumvarp

til laga um að innheimta í gullkrónum sektir fyrir landhelgisbrot.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson, Sigurjón Jónsson, Árni Jónsson.

1. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5, 18. maí 1920, og lögum um rjett til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33, 19. júní 1922, skal innheimta í gullkrónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna silækkandi gengis hinnar íslensku krónu hefir hegning útlendinga, sem brotlegir verða gegn fiskiveiðalöggjöf vorri, farið silækkandi, en þegar hegningin þverrar minnar aðhaldið. Landhelgissjóður má og einskis í missa við verðfall krónunnar. Auk þess getur hækkun sekta átt nokkurn þátt í, að hægt sje að auka landhelgisgæslu nú þegar að miklum mun.